



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1255

FUNDARBOÐ

**1255. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
23. maí 2017 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1701261 - Skýrsla bæjarstjóra

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 28. mars síðastliðnum.

2. 1705138 - Umboð til handa bæjarráði í sumarleyfi bæjarstjórnar

Lagt er til að sumarleyfi bæjarstjórnar verði frá 14. júní til og með 21. ágúst næstkomandi. Á meðan sumarleyfi stendur er einnig lagt til bæjarráði verði falin fullnaðarafgreiðsla mála í samræmi við 50. gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp Akraneskaupstaðar. Fyrsti fundur eftir sumarleyfi er þriðjudaginn 22. ágúst.

Afgreiðsla til staðfestingar

3. 1609101 - Nýr golfskáli - félags- og frístundaaðstaða við Garðavöll

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. maí sl. breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2017 vegna byggingar frístundamiðstöðvar við Garðavöll. Breyting á heildarfjárfestingaráætlunar ársins er um 116 mkr. sem hækkar úr 643 mkr. í 759 mkr. og verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Heildarkostnaður framkvæmdarinnar er áætlaður að hámarki um 231 mkr. að frádregnum virðisaukaskatti vegna byggingarkostnaðar en fyrirhugað er að sækja um heimild til skattfyrvalda um svonefnda sérstaka og frjálsa skráningu sem felur í sér að heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts (innskattur) vegna byggingarkostnaðar.

Framkvæmdatími er áætlaður tvö ár og er gert ráð fyrir að kostnaðurinn dreifist jafnt á árin 2017 og 2018 eða kr. 116 mkr. hvort árið um sig (að frádregnum virðisaukaskatti). Fjárfestingaráætlun ársins 2018 hækkar úr 724 mkr. í 840 mkr. og verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Bæjarráð vísar ákvörðun sinni um breytingar á fjárfestingaráætlun til samþykktar í bæjarstjórn og til staðfestingar í viðauka við fjárhagsáætlun 2017.

4. 1609104 - Deilisk. Æðarodda - breyting vegna Æðarodda 36

Á fundi skipulags- og umhverfisstjórnar þann 8. maí sl. var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Æðarodda, vegna lóðarinnar við Æðarodda 36. Breyting felst í breytingu á nýtingarhlutfalli lóðar. Skráð er ný lóð nr. 38 við Æðarodda, snúningsplan er stækkað og reiðgata lengd við húsin nr. 41, 43, 45 og 47 við Æðarodda.

Ráðið leggur til við bæjarstjórn að tillaga um breytingu á deiliskipulagi verði auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðir til kynningar

5. 1701005 - Fundargerðir 2017 - bæjarráð

3210. fundargerð bæjarráðs frá 11. maí 2017.

3211. fundargerð bæjarráðs frá 18. maí 2017.

6. 1701008 - Fundargerðir 2017 - skipulags- og umhverfisstjórn

61. fundargerð skipulags- og umhverfisstjórnar frá 8. maí 2017.

62. fundargerð skipulags- og umhverfisstjórnar frá 15. maí 2017.

7. 1701024 - Fundargerðir 2017 - Faxaflóahafnir

156. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 12. apríl 2017.

157. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 17. maí 2017.

19. maí 2017

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.